



Siðareglur Skautasambands Íslands

ÍSS starfar eftir siðareglum ÍSÍ og ISU. Í samræmi ákveður ÍSS þær siðareglur sem stjórn ÍSS, aðildafélögum, starfsmönnum, sjálfboðaliðum, keppendum, þjálfurum og hverjum þeim sem koma að viðburðum og starfssemi listskauta er skylt að fara eftir.

Hverjum þeim sem kemur að viðburðum íþróttarinnar samþykkir eftirfarandi:

1. Að hafa lesið og kynnt sér reglur ÍSS og láta framkomu og hegðun endurspegla þær
2. Að hafa að leiðarljósi heiðarleika, hlutleysi og sanngirni í samskiptum innan íþróttarinnar
3. Sýna fordæmi með íþróttamannslegri hegðun og gagnkvæmri virðingu.
4. Með þátttöku á viðburðum íþróttarinnar fylgir einnig rík ábyrgðarskylda.
Á íþróttaviðburði er óheimilt að:
 - Neita eða hafa í fórum sér fíkniefni þ.m.t. rafsígarettur, sígarettur eða tóbak af annari gerð
 - Taka beint eða óbeint þátt/aðstoða við brot á lyfjareglum eða annarri brotlegri hegðunMeð slíkri hegðun er komið órorði á íþróttina og sýnir að auki ungum einstaklingum slæmt fordæmi.
5. Að sýna ákvallt gagnkvæma virðingu gagnvart skauturum, þjálfurum, sjálfboðaliðum og starfsfólki. Innan íþróttarinnar er meirihluti iðkenda á mótunarárum sínum og skal því hafa aðgát í nærveru sálar að leiðarljósi.
6. Verandi hluti af viðburðum í þróttarinnar tekur viðkomandi þátt í mótun og ímynd listskauta út á við og skal því haga sér eftir því. Viðkomandi gerir sér grein fyrir að hvort heldur sem jákvæð eða neikvæð orðræða og hegðun þ.m.t. á samfélagsmiðlum hefur áhrif á ímynd íþróttarinnar sem hann starfar innan.
7. Í litlu samfélagi er mikilvægt að passa upp á að misbjóða ekki virðingu og sanngirni einstaklinga á forsendum kynferðis, þjóðernis, kynþáttar, litarhafts, menningar, tungumáls, trúarbragða, kynhneigðar og skoðana.
8. Með öllu er óheimilt að taka við eða gefa gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Að sama skapi er ekki heimilt að þiggja gjafir í skiptum fyrir greiða sem af hlýst brot á siðareglum.
9. Óheimilt er að stunda veðmál innan íþróttarinnar í tengslum við keppnishald eða viðburði sem tengjast listskautum.
10. Að sýna hlutleysi í samskiptum. Komi upp hagsmunaárekstur vegna máls sem tengist beint persónulegum málum skal viðkomandi draga sig úr umræðu, mati eða kosningu þess málefnis sem um ræðir.
11. Sem sérfræðingi innan íþróttarinnar er heimilt að taka þátt í opinberri umræðu í fjölmiðlum ef umfjöllunin er hluti af stærri viðburði sem og ef viðkomandi gerir sér grein fyrir að mikilvægt er að ræða í þróttina í jákvæðu og uppbyggilegu ljósi á hlutlausan hátt þar sem þess er gætt að ekki hallar á einn fremur en annan.
12. Sem fulltrúi sambandsins og íþróttarinnar almennt gerir viðkomandi sér grein fyrir að gerist hann brotlegur á siðareglum ÍSS getur það haft áhrif á mat til frekara samstarfs.

Siðareglur byggja á heiðarleika og siðferði hvers einstaklings sem reglurnar eiga við um. Brot á siðareglum skal vísað til siðanefndar ÍSS til frekari skoðunar.